



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS TEKUR ÞÁTT Í CLINTON RÁÐSTEFNUNNI Í NEW YORK

William J. Clinton fyrrverandi forseti Bandaríkjanna hefur boðið Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands og Dorrit Moussaieff forsetafrú að taka þátt í viðamikilli alþjóðlegri ráðstefnu, *Clinton Global Initiative* (<http://www.clintonglobalinitiative.org>), sem haldin er í New York í Bandaríkjunum síðar í þessari viku.

Ráðstefnuna sækja fjölmargir þjóðarleiðtogar og forystumenn í alþjóðamálum og vísindum ásamt stjórnendum margra af stærstu fyrirtækjum veraldar og forystumönnum alþjóðastofnana. Þinginu er einkum ætlað að fjalla um og meta árangursríkar leiðir til lausnar á brýnustu vandamálum heims.

Meginviðfangsefni ráðstefnunnar eru fjögur:

- Loftslagsbreytingar og orkubúskapur veraldar með áherslu á endurnýjanlega orkugjafa.
- Baráttan gegn fátækt og vaxandi bil milli ríkra og fátækra þjóða
- Heilbrigðismál og heimsfaraldrar; nýr sáttmáli þjóða heims um að vinna gegn útbreiðslu sjúkdóma í vanþróuðum löndum
- Átök sem í vaxandi mæli eiga trúarlegar rætur og viðleitni til að finna farveg fyrir samræður ólíkra trúarbragða

Ráðstefnan hefst í New York að morgni miðvikudagsins 20. september. Meðal fjölmargra þátttakenda má nefna Laura Bush forsetafrú Bandaríkjanna, Bill Gates stofnanda Microsoft, Kofi Annan framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, Lakshmi Mittal helsta stálframleiðanda heims og Al Gore fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. Ráðstefnan stendur í þrjú daga, 20.-22. september, og munu þátttakendur skiptast í vinnuhópa sem tengjast hinum meginviðfangsefnum hennar. Markmið ráðstefnunnar er að leggja drög að raunhæfum úrbótum á þessum sviðum.

Forseti Íslands mun auk þátttöku í ráðstefnunni eiga fundi í New York og Washington með ýmsu áhrifafólki á alþjóðavettvangi.

18. september 2005

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimsíðu hennar, <http://www.clintonglobalinitiative.org>